




Kerfismyndagrunnur Veitna með ACC og Plant 3D

VATNSMIÐLAR

LAV-821-1.0

1. UM KERFISMYNDAGRUNN VEITNA

Kerfismyndagrunnur Veitna er hýstur á Autodesk Construction Cloud (ACC). Til að vinna teikningar þarf viðkomandi að vera með Autocad Plant 3D uppsett, ásamt Autodesk Desktop Connector og BIM Collaborate Pro leyfi.

2. AÐGANGUR AÐ KERFISMYNDAGRUNNI Á ACC

Administrator bætir einstaklingi við í viðeigandi verk á ACC með því að ýta á flipann “add members”. Einstaklingur fær þá boð í verkið í tölvupósti. Ýta þarf á linkinn “Go to your project” í tölvupósti og skrá sig inn á ACC. Einnig þarf að gefa einstaklingi leyfi til að vinna í verki með því að ýta á “Permission” og velja “Edit”.

3. UPPSETNING Á KERFISMYNDAGRUNNI VEITNA

3.1. AUTODESK DESKTOP CONNECTOR

Setja þarf upp Autodesk Desktop Connector. Hann býr til netdrif á tölvunni sem er beintengt við valin ACC svæði. Velja þarf „Kerfismyndir Veitna“



3.2. AUTOCAD PLANT 3D


Opna AutoCAD Plant 3D og ýta á flipann undir “Current Project” og velja “Open Collaboration Project”. Velja “OR-Veitur – Kerfismyndir Veitna” og ýta á flipann “Open Project”.

3.2.1. VEITUR USER PROFILE


Ávallt skal teikna kerfismyndir með *UserProfile-PID-Veitur stillingum*. Sækja þarf user profile stillingar (.arg) inn á ACC (í vafra) undir:

ACCDocs\OR - Veitur\Kerfismyndir Veitna\Project Files\2 - Vinnugögn\Kerfismyndir Veitna\Related Files

og hlaða niður *UserProfile-PID-Veitur.arg*.



Í AutoCAD Plant 3D þarf að hlaða inn UserProfile-PID-Veitur.arg með því hægri smella á svarta teiknigluggann, inni í Model space (sjá mynd) á einhverri teikningu, og velja “Options” svo ýta á flipann Profiles og hlaða inn UserProfile-PID-Veitur.arg í “Import”. Mikilvægt er að velja/sverta UserProfile-PID-Veitur og ýta á Set Current.




3.2.2. TOOL PALETTUR

Í kerfismyndagrunni Veitna hafa öll nauðsynleg tákn verið skilgreind, t.d. tákn fyrir loka, flansa, pípur og fleira. Ef þörf er á nýju tákni eða nýrri línutegund skal alltaf fyrst hafa samband við Veitur og óska eftir að fá nýja táknið eða línutýpuna samþykkt. Veitur sjá þá um að bæta því við kerfismyndagrunninn.

3.2.2.1. Uppsetning á tool palettum


Hlaða þarf palettunum handvirkt inn með því að hægri smella á titil palettunnar og velja “Customize Palettes”.



Fara þarf inn í möppuna

ACCDocs\OR - Veitur\Kerfismyndir Veitna\Project Files\2 - Vinnugögn\Kerfismyndir Veitna\Equipment Templates

og tína inn tool palettur (aðeins er hægt að velja eina í einu). Eftir það er hægt að gera palettu hópinn „Veitur“ til að greina frá öðrum palettum (ef einhverjar eru).




ATH! Mikilvægt er að henda palettum reglulega og sækja þær aftur til þess að fá inn breytingar sem kunna að hafa átt sér stað. Það gerist ekki sjálfvirkt. Það er gert með því að endurtaka skrefin hér að ofan.

4. VINNA VIÐ KERFISMYNDIR

4.1. ALMENNAR LEIÐBEININGAR UM FRAMSETNINGU

Leiðbeiningar um framsetningu er að finna inni í grunninum í skjali sem heitir *Kerfismyndir – Leiðbeiningar*.



Nokkur mikilvæg atriði.

- Muna að skrá inn teikningar (e. Check In). Þetta á bæði við um nýjar teikningar og gamlar. Ef nýjar teikningar eru ekki skráðar inn þá sjást þær ekki inni á ACC. Ef gamlar teikningar eru ekki skráðar inn geta aðrir ekki átt við þær síðar.
- Það er í góðu lagi að skoða kerfismyndir sér til stuðnings. Ef ekki á að vinna í kerfismyndinni skal opna þær í Read Only. Þá þarf ekki að hafa áhyggjur af því að skrá þær inn aftur.


5. KERFISMYNDIR TIL YFIRFERÐAR VERKKAUÐA

Ef kerfismynd er unnin fyrir ákveðið fjárfestingarverkefni skal hún send til yfirferðar á ACC svæði viðkomandi verkefnis eins og aðrar teikningar.

Ef þær eru ekki unnar fyrir sérstök fjárfestingarverkefni skal kerfismyndum skilað inn til yfirferðar skulu þær vistaðar sem .pdf í viðeigandi möppu undir

ACCDocs\OR - Veitur\Kerfismyndir Veitna\Project Files\1 - Útgefnar kerfismyndir

þaðan sem þær skulu settar þær í rýni (e. Review) við með viðeigandi rýniferli.



6. ÚTGÁFA KERFISMYNDA

Þegar kerfismynd hefur verið samþykkt í gegnum rýniferli og viðkomandi kerfi er komið í rekstur eru kerfismyndir gefnar út með því að birta þær undir Sheets.